

Forseti – ágætu bæjarfulltrúar!

Í velferðarráði sitja ásamt mér Róbert Freyr Jónsson varaformaður og fullrúi L-lista, Halldóra Kristín Hauksdóttir fullrúi Framsóknarflokks, Svava Hjaltalín fullrúi Sjálfstæðisflokks, Valur Sæmundsson fullrúi Vinstri-grænna og Guðrún Karítas Garðarsdóttir frá Bjartri framtíð sem er áheyrnarfulltrúi.

Þó svo nokkrar breytingar hafi orðið á ráðinu frá upphafi kjörtímabilsins hafa engar orðið frá því ég stóð hér síðast fyrir ári síðan. Ráðið er skipað afbragðs fólki og ég er þakklát fyrir það góða samstarf sem þar fer fram.

Velferðarþjónusta Akureyrarbæjar grundvallast að miklu leyti á samskiptum starfsmanna bæjarins við þá íbúa sem þangað leita og mikilvægi þess fyrir bæjarfélagið að hafa öflugan starfsmannahóp er óvíða meira. Velferðarráðið hefur átt afar gott samstarf við starfsfólk þeirra starfseininga sem falla undir það og þá sérstaklega sviðsstjóra Búsetusviðs og Fjölskyldusviðs og framkvæmdastjóra Öldrunarheimila Akureyrar en það í sjálfu sér er okkur ómetanlegt.

Eins og mörgum hér inni er vel kunnugt hefur mikil vinna verið lögð í velferðarstefnu Akureyrarbæjar, sem dregist hefur þó nokkuð á langinn.

Fjölmarginir einstaklingar komu að mótun stefnunnar auk þess sem markvisst var kallað eftir skoðunum bæjarbúa, álitu frá félagasamtökum og öðrum hagsmunaaðilum. Haldnir voru opnir fundir með öllum bæjarbúum og jafnframt fundað með starfsfólki í velferðarþjónustunni.

Í upphafi stýrði velferðarráð framvindu stefnumótunarvinnunnar ásamt verkefnastjóra en á síðari stigum hefur starfshópur leitt vinnuna við mótun stefnunnar. Í honum voru formaður velferðarráðs, framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs, framkvæmdastjóri búsetusviðs, framkvæmdastjóri Öldrunarheimila Akureyrar og verkefnastjóri velferðarstefnu starfaði að verkefninu í nokkra mánuði.

Unnið var stöðumat á málaflokkum stefnunnar og mótuð sameiginleg framtíðarsýn, gildi og stefna í velferðarmálum sveitarfélagsins í samstarfi við hagaðila. Sett voru fram markmið, mælikvarðar og aðgerðir sem stuðla að almennri velferð íbúa Akureyrarkaupstaðar. Drög að stefnunni hafa verið send ráðum bæjarins til umsagnar og þeim gefinn kostur á að gera athugasemdir.

Nú er það svo að mál sem snerta velferð bæjarbúa koma inn á borð hjá mun fleiri starfsmönnum sveitarfélagsins en þeim sem starfa á búsetusviði, fjölskyldusviði eða Öldrunarheimilum Akureyrar og þess vegna er mikilvægt að allir þeir sem vinna að velferðarmálum í sveitarfélaginu taki mið af velferðarstefnunni í verkum sínum.

Velferðarstefnan er kaflaskipt. Hún hefst á almennri umfjöllun um hlutverk sveitarfélagsins á sviði velferðarmála. Þá er gerð grein fyrir þeirri framtíðarsýn sem mótuð var í stefnumótunarvinnunni og þeim gildum sem stefnan er grundvölluð á. Á eftir umfjöllun um gildi stefnunnar koma fimm kaflar sem hver um sig fjallar um einn af lykilþáttum velferðarstefnunnar.

Lykilþættirnir eru:

- Velferð og félagslegt öryggi
- Lífsgæði og þátttaka
- Fagmennska og virðing
- Forvarnir og fræðsla
- Framsækni

Hverjum þætti fylgir almenn umfjöllun um hvað hann felur í sér og svo eru sett fram markmið sem unnið skal að. Starfsmenn sviðanna sem heyra undir velferðarráð eru að útfæra sjálfstæðar aðgerðaáætlanir sem tilgreina hvernig unnið verður að markmiðunum.

Nú mun ég gera lítilega grein fyrir hverjum lykilþætti velferðarstefnunnar og helstu markmiðum.

Fyrst ber að nefna velferð og félagslegt öryggi, en allir íbúar Akureyrar eiga að búa við öflugt öryggisnet sem þeir geta treyst á þegar á reynir.

Gott húsnæði og stöðugleiki í húsnæðismálum er mikilvæg undirstaða lífsgæða. Allir þurfa að eiga kost á húsnæði við hæfi án tillits til tekna, fjölskyldustærðar eða annarrar félagslegrar stöðu. Áhersla skal lögð á að auka öryggi í húsnæðismálum með því að stuðla að fjölbreyttu framboði íbúðarhúsnæðis, hvort sem um er að ræða félagslegt leiguhúsnæði, húsnæði fyrir fólk með sérstakar þjónustuparfir eða húsnæði á almennum markaði.

Akureyri á að vera aldursvænn bær þar sem gott er að verja efri árunum.

Í stefnunni eru sett markmið sem eiga að stuðla að velferð og öryggi. Þau snúa m.a. að þjónustu við börn sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður og þau sem glíma við geðræna erfiðleika og hegðunarvandkvæði, stuðningsúrræði fyrir fatlað fólk og aðstandendur þeirra, framboð á hagkvæmu húsnæði, fjölbreytni í búsetukostum o.fl.

Í kaflanum um lífsgæði og þátttöku er fjallað um mikilvægi þess að efla sjálfstæði þjónustuþega og getu þeirra til að takast á við dagleg verkefni.

Markmiðið er að öllum íbúum sé gert kleift að taka þátt í samfélaginu á jafnréttisgrundvelli, stunda atvinnu, nám og tómstundir við hæfi. Markvisst skuli unnið gegn því að fjárhagsleg eða félagsleg staða fjölskyldna valdi félagslegri einangrun og/eða útilokun. Gott aðgengi að mannvirkjum, stofnunum og útivistarsvæðum skuli tryggt.

Velferðarþjónusta á vegum Akureyrarbæjar er veitt með það að markmiði að efla notendur til sjálfshjálpar, vinna gegn einmanaleika og félagslegri einangrun og styðja við þá sem standa höllum fæti vegna andlegra eða líkamlegra skerðinga svo þeir njóti lífsgæða til jafns við aðra íbúa. Þjónustan skal skipulögð í samráði við notendur. Gæta þarf sérstaklega að hagsmunum barna og ungmenna og tryggja að þeim sé gefið færi á að tjá skoðun sína um málefni sem þau varða.

Hvað varðar lífsgæði og þátttöku hafa verið sett markmið um góðar almenningsamgöngur, akstursþjónustu fyrir þá sem ekki geta nýtt þær, aðgengi að fyrirtækjum og mannvirkjum, fjölbreytni í atvinnumöguleikum fatlaðs fólks, svæði sem stuðla að útivist og samvistum fjölskyldna svo fátt eitt sé nefnt.

Undir kaflanum fagmennska og virðing segir að velferðarþjónusta skuli veitt af fagmennsku, virðingu, gagnsæi og jafnræði.

Þjónusta skuli taka mið af þörfum og vilja hvers og eins og skipulögð í samráði við notandann og aðstandendur eftir því sem við á. Lögð skuli áhersla á heildstæða þjónustu og samvinnu við aðra umönnunar- og þjónustuaðila.

Akureyrarkaupstaður vinni á grundvelli alþjóðlegra sáttmála og mannréttindasamninga sem Ísland er aðili að, svo sem Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og gæti þess að ákvæði þeirra séu virt í hvívetna.

Unnið skuli markvisst að auknum skilningi á stöðu viðkvæmra hópa, umburðarlyndi og sam hjálp í samfélaginu og unnið með öllum ráðum gegn félagslegri einangrun og útskúfun.

Þau markmið sem sett hafa verið varðandi fagmennsku og virðingu lúta að samfellu og samræmi í þjónustunni með samvinnu milli sviða Akureyrarbæjar og við aðra aðila í velferðarþjónustu. Starfsmenn skuli eflir með fræðslu og stuðningi, þjónustan skuli m.a. byggja á hlýju og umhyggju með áherslu á sjálfstæði og sjálfræði einstaklinganna. Umsóknarferli skuli vera einföld og sniðin að þörfum notenda og þjónusta vel mönnuð fagfólki.

Í stefnunni er lögð mikil áhersla á mikilvægi forvarna og fræðslu til að efla íbúa til sjálfshjálpar og fyrirbyggja félagsleg, sálræn og heilsufarsleg vandamál. Til að mæta nýjum verkefnum og áskorunum velferðarþjónustunnar skuli lögð áhersla á snemmtæka íhlutun og samþættingu þar sem þarfir og aðstæður notandans séu viðfangsefnið.

Mikilvægt sé að íbúar hafi góðan aðgang að upplýsingum um þá þjónustu sem er í boði og hvert þeir eiga að leita þurfi þeir á henni að halda. Umsóknarferli eigi að vera einföld, skýr og skilvirk.

Markmið varðandi forvarnir og fræðslu snúa að fræðslu og ráðgjöf til foreldra, stuðlað sé að almennari þekkingu á réttindum barna og skyldum almennings til að vernda rétt þeirra, hvatningu til heilbrigðra lífshátta, fyrirbyggingu með snemmtækri íhlutun, fjölbreytt tórstundastarf, samfellu í skóla og frístundastarfi, vinnu gegn ofbeldi, fræðslu varðandi heilabilun o.fl.

Síðasti kafli velferðarstefnunnar ber yfirskriftina framsækni og undir framsækni falla m.a. þeir þættir sem gera Akureyri kleift að vera leiðandi hvað varðar nýsköpun og tækni í velferðarþjónustu.

Nýsköpun og tækni eru lykilþættir við að ná fram breytingum og árangri í velferðarþjónustu. Velferðartækni getur aukið lífsgæði, öryggi og sjálfsbjörg íbúanna auk þess að styrkja menntun og velferð almennt. Velferðartækni er því ein vænlegasta leiðin til að takast á við þær breytingar sem velferðarkerfið stendur frammi fyrir til lengri tíma.

Velferðarráð fer fram á að Akureyrarbær einsetji sér að efla nýsköpun, þróun og notkun tæknilegra lausna í velferðarþjónustunni og vera í frumkvæðishlutverki á sviði velferðartækni meðal annarra sveitarfélaga.

Markmið þau sem tengjast framsækni eru m.a. að styrkja rannsóknir, þróa þjónustu og lausnir með nýrri tækni, aðferðum og skipulagi, auka aðgengi að fræðslu og upplýsingaefni, fylgjast með og taka þátt í þróunarverkefnum.

Ég mun nú gera grein fyrir hverjum málafllokki velferðarráðs fyrir sig og því sem helst verður lögð áhersla á í nánustu framtíð.

Fjölskyldusvið:

Fjölskyldusvið er þjónustustofnun á sviði félagsþjónustu og barnaverndar, sem rekur tvo vinnustaði í málafllokki fatlaðra. Aðstoð sem sviðið veitir miðar að því að efla notendur og þær stofnanir sem koma að málefnum þeirra. Þjónustan þróast í takt við breytingar í samfélaginu, lagaumhverfi og mismunandi þarfir fólks svo það er margt annað en mannfjöldapróun sem hefur áhrif á það með hvaða hætti verkefni félagsþjónustunnar þróast til lengri tíma. Atvinnuástand skiptir máli, staða í húsnæðismálum og aðgengi að úrræðum á sviði heilbrigðismála líka svo fátt eitt sé nefnt.

Sviðið er sífelldum breytingum undirorpið. Nú liggja fyrir nýsamþykkt lög um málefni fatlaðs fólks sem fela í sér talsverðar breytingar, auk þess sem aðlaga þarf þjónustuna að breytingum á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Heilt yfir felst þjónusta fjölskyldusviðs í því að meta þörf fyrir stuðning og styðja fólk til sjálfshjálpar með hugmyndafræði valdeflingar að leiðarljósi. Unnið er eftir hugmyndafræði fjölskyldumiðaðrar þjónustu, snemmtækrar íhlutunar, þjónandi leiðsagnar og TEACCH, sem er kennsluáferð fyrir einhverf börn.

Aukin krafa er um fagmennsku þ.e. að notaðar séu viðurkenndar aðferðir við að veita þjónustu og aðstoða fólk í erfiðleikum. Mikilvægt er að starfsfólk fylgist með straumum og stefnum og því sem er að gerast í rannsóknum á viðkomandi sviði. Bæta þarf opinberar upplýsingar um það hvernig þjónustu sviðið veitir og á hverju hún byggist þannig að upplýsingarnar verði aðgengilegar fyrir starfsfólk og aðra.

Mikilvægt er að kanna ánægju skjólstæðinga/notenda og samstarfsaðila með þá þjónustu sem er í boði en ekki síður að meta hvernig þjónustan mætir þörfum notenda. Ýmsar leiðir eru þar færar, s.s viðhorfskannanir í ákveðnum hópum, rýnihópar og þátttaka í rannsóknum nema við Háskólann á Akureyri.

Á hverjum tíma er nokkur hópur ungs fólks sem er utan skóla eða án vinnu og félagslega óvirkur. Mikilvægt er að vinna fjölskyldusviðs með þessa einstaklinga sé markviss. Það þarf að virkja bjargir þeirra með fjölbreyttum úrræðum, sem þurfa stöðugt að þróast í takt við síbreytilegar aðstæður hvers tíma.

Unnið skal að auknu samstarfi barnaverndar og félagsþjónustunnar með það að markmiði að auka samfellu og þétta þjónustuna fyrir börn og barnafjölskyldur. Virkt samstarf við aðra aðila sem koma að þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra þarf alltaf að vera til staðar. Yfirfara þarf verkferla og skerpa á hlutverki hvers málaflokks, auk þess sem þau úrræði sem sviðið hefur að bjóða þarf í auknum mæli að nýta þvert á málaflökka.

Lögð verður aukin áhersla á fræðslu fyrir starfsfólk sem vinnur fyrir sviðið og ákveðna hópa meðal notenda þjónustunnar. Gera þarf áætlun um starfsmannafræðslu út frá því sem er brýnast hverju sinni s.s. fyrir fólk sem sinnir stuðningi við börn og barnafjölskyldur. Ennfremur þarf á hverjum tíma að liggja fyrir áætlun um sérhæfða fræðslu fyrir tiltekna hópa gjarnan í samstarfi við aðra aðila.

Aukin áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun sem hefur það markmið að styðja og styrkja foreldra í uppeldishlutverkinu. Með því er jöfnum höndum verið að styðja við fjölskyldur í miklum vanda og fyrirbyggja erfiðari vanda síðar. Askjan fjölskyldustuðningur er úrræði sem hefur reynst vel en þar er lögð áhersla á að fara með þjónustuna til þeirra sem þiggja hana. Askjan er komin til að vera og verkefni næstu ára er að fylgja þróuninni eftir og efla þjónustuna, bæði faglegt starf og umfang.

Þróun síðustu missera hefur verið sú að fleira fólk af erlendum uppruna er í skjólstaðingahópnum. Um er að ræða kvótaflóttamenn, fyrrverandi hælisleitendur og aðra sem koma hingað til landsins m.a. í atvinnuleit. Margir í þessum hópi þurfa á víðtækum stuðningi að halda og m.a. má vænta fjölgunar í hópi útlendinga sem hafa skertan eða engan rétt til almannatrygginga og eru háðir fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins. Ýmis verkefni eru brýn varðandi þennan hóp s.s. endurskoðun á kynningarefni sviðsins á erlendum tungumálum og þýðingar á stöðluðum textum varðandi úrlausn mála.

Samkvæmt samkomulagi frá árinu 2015, um þjónustu við fatlað fólk á sviði atvinnumála, er móttaka og mat á umsóknum um atvinnu- og hæfingartengda þjónustu verkefni Vinnumálastofnunar en rekstur vinnustaða fyrir fatlað fólk verkefni sveitarfélaga. Í framhaldi af því að fyrrgreint samkomulag náðist fluttist „Atvinna með stuðningi“ til Vinnumálastofnunar en Akureyrarbær rekur áfram tvo vinnustaði sem eru Plastiðjan Bjarg/löjullundur og Skógarlundur – miðstöð virkni og hæfingar.

Verkefni næstu ára verður að þróa starfið á vinnustöðunum þannig að enn frekar verði komið til móts við fjölbreytilegar óskir og þarfir notenda, og með aukinni tengingu við almennan vinnumarkað og almenna þjónustu. Nýsköpun og þróunarstarf er nauðsynleg og sú vegferð er þegar hafin er varðar hæfingu og starfsþjálfun.

Umsýsla varðandi félagslegt húsnæði fluttist til fjölskyldusviðs í ársbyrjun 2017. Um er að ræða félagslegar leiguíbúðir og sérstakan húsnæðisstuðning. Síðan hefur verið unnið að því að samþætta húsnæðismálin félagsþjónustunni á sviðinu og treysta nauðsynlegt samstarf við aðra aðila hjá bænum sem koma að þessum málum s.s. umhverfis- og mannvirkjasvið. Ennfremur er unnið að því að skýra ábyrgðarsvið varðandi leiguíbúðirnar innan bæjarkerfisins.

Ef horft er til biðlista eftir leiguhúsnæði sveitarfélagsins og húsnæðisáætlunar er umtalsverð þörf fyrir fjölgun leiguíbúða á næstu árum, bæði almennra íbúða og húsnæðis sem er ætlað fólk með sérstakar þarfir. Gert er ráð fyrir 75 íbúða þörf á næstu 10 árum. Þar er gert ráð fyrir húsnæði, íbúðum eða litlum húsum sem henta fólk með alvarlegan geð- og/eða íkni vanda en þjónustukjarni og áfangaheimili í málaflokki fatlaðra stendur fyrir utan. Langmest er þörfin fyrir tveggja herbergja íbúðir en af þeim 75 íbúðum sem reiknað er með að þurfi er gert ráð fyrir 57 slíkum næstu 10 árin.

Miklu skiptir að fjölskyldusvið hafi á hverjum tíma á að skipa vel menntuðu og hæfu starfsfólki. Þróun síðustu ára hefur verið með þeim hætti að þunginn í þjónustunni er í barnavernd. Til að bregðast við því hefur nú verið ráðinn lögfræðingur á sviðið sem mun létt á barnaverndinni en engu að síður er talið að bæta þurfi þar við starfsmanni á næstu 5 árum og huga að auknum úrræðum. Í því sambandi hefur verið rætt um fjölskylduhús og enn frekari eflingu Öskjunnar.

Nú er hafin tilraun með áfengis- og vímuefnaráðgjafa í félagsþjónustunni en fyrrgreindur þungi í barnavernd er að einhverju leyti birtingarmynd vaxandi vímuefnaneyslu í samfélaginu. Ráðgjafinn var ráðinn tímabundið í afleysingu en ef vel reynist og ekki síður ef svo færi að göngudeild SÁÁ yrði lögð niður, þarf að manna félagsþjónustuna þannig að hún geti á markvissan hátt unnið með fólki í vímuefnavanda og aðstandendum þeirra.

Búsetusvið:

Hlutverk búsetusviðs er að veita fólki á öllum aldri með skerta færni margvíslega þjónustu, í þeim tilgangi að styðja við búsetu þess og skapa því aðstæður til að lifa sjálfstæðu lífi jafnt á heimili sínu sem utan þess.

Allt starf búsetusviðs miðar að því að notandinn lifi sjálfstæðu lífi, sem þýðir að geta tekið eigin ákvarðanir, stjórnað eigin aðstoð og mótað eigin lífsstíl óháð fötlun og aldri.

Unnið er eftir hugmyndafræði um valdeflingu, en hún miðar að því að efla getu einstaklingsins til að stjórna eigin lífi, taka sjálfstæðar ákvarðanir, nýta réttindi sín og öðlast þau lífsgæði sem eðlileg þykja. Starfsfólk og notendur þjónustunnar vinna saman á jafningjagrunni. Starfsfólkið leggur áherslu á að skapa aðstæður fyrir notendurna til að geta komið í framkvæmd eigin hugmyndum svo þeir fái notið sín sem best.

Þjónandi leiðsögn er hugmynda- og aðferðafræði sem byggir á einstaklingsmiðaðri nálgun þar sem samskipti á milli starfsfólks og notenda eru þungamiðjan. Vinátta, umhyggja, tengsl og hvatning eru grundvallaratriði í samskiptum en skilyrt umbun og refsingar eru ekki viðurkenndar sem aðferð. Lögð er áhersla á að nálgast einstaklinginn með alúð, vináttu og umhyggju og hvetja hann til að setja sér markmið og veita aðstoð við að ná þeim.

Í þjónustu við afmarkaðan hóp einstaklinga sem eru heimilisláusir eða líklegir til að missa húsnæði sitt vegna hegðunar sem tengist geð- og fíknivanda er unnið í anda hugmyndafræði um skaðaminnkun og húsnæði fyrst (e. Housing first). Lögð er áhersla á að tryggja einstaklingnum öruggt húsnæði án þess þó að krefjast bindindis. Þetta er gert í þeim tilgangi að skapa aðstæður og hvata fyrir einstaklinginn til að vinna með vanda sinn og draga úr heilsufars-, félags- og efnahagslegum afleiðingum vímuefnaneyslu. Veittur er stuðningur og ráðgjöf í samræmi við þarfir og vilja hvers og eins til að bæta félagslega stöðu og draga úr óæskilegri hegðun án skilyrða um að hætta neyslu.

Framtíðarsýn búsetusviðs byggir á að fólk búi sem lengst á eigin heimili og fái fjölbreytta og sveigjanlega þjónustu sem löguð er að þörfum og óskum hvers og eins.

Nokkrar breytingar eru fyrirjáanlegar í þjónustu sviðsins en stefna Akureyrarbæjar í búsetumálum fatlaðs fólks frá 2003 miðar að því að herbergjasambýli verði lögð niður og allt fatlað fólk í búsetuþjónustu hafi lágmarkseinkarými samkvæmt opinberum reglum í eigin íbúðum. Markmiðið er að öll þjónusta inni á heimilum fólks verði miðuð við þarfir hvers og eins og veitt sem heimaþjónusta og liðveisla. Þessi markmið hafa ekki náðst. Eftirspurn eftir þjónustu hefur aukist og þær kröfur sem gerðar eru til húsnæðis og þjónustu sömuleiðis. Framkvæmdaþörf vegna aðlögunar eldra húsnæðis og byggingu nýrra íbúðakjarna er því veruleg.

Árið 2017 felldi úrskurðarnefnd velferðarmála úrskurð þess efnis að sveitarfélagi beri að vinna markvisst að því að verða við umsóknum einstaklinga sem sækja um og eru metnir í þörf fyrir sértæk húsnæðisúrræði. Jafnframt að sveitarfélaginu beri að gera umsækjendum grein fyrir því hvenær vænta má úthlutunar. Úrskurðurinn gefur tilefni til að hraða byggingu nýrra íbúðakjarna fyrir þennan hóp. Með lögum um almennar íbúðir, sem samþykkt voru 2017 og drögum að samkomulagi á milli ríkis og sveitarfélaga, um framlög úr fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til byggingar húsnæðis fyrir fatlað fólk með miklar þjónustuþarfir, hafa línur varðandi fjármögnun slíkra bygginga orðið skýrari.

Veruleg aukning hefur verið í eftirspurn eftir þjónustu við fólk með geðrænan vanda á undanförunum árum eins og fjöldi umsókna um búsetu á áfangaheimili er til marks um. Umsóknir eru þegar meira en tvöfalt fleiri en fjöldi íbúða til ráðstöfunar og fer líklega fjölgandi. Endurnýjun er hæg vegna eðlis þjónustunnar og vísbendingar eru um að geðheilbrigði ungs fólks fari hrakandi.

Öldruðu fólki fjölgar og hlutfall 16-66 ára íbúa af heildarfjölda lækkar. Þar sem ólíklegt verður að teljast að fjármagn í þjónustuna aukist í sama hlutfalli og fjölgun fólks í þjónustu þarf að gera ráð fyrir að það fjármagn sem er til ráðstöfunar nú deilist á fleiri. Við það bætist að fleiri 80 ára og eldri búa á eigin heimili þrátt fyrir vaxandi stuðningsþörf. Þessi þróun kallar á nýjar leiðir og mikið hefur verið horft til velferðartækni. Með möguleikum tækninnar verði stuðlað að öryggi fólks t.d. með fjarvöktun, stuðlað að sjálfstæði þannig að fólk geti tekist á við athafnir daglegs lífs, sinnt heimilisstörfum og verið þátttakendur í félagslífi. Krafa er um að þjónusta sé notendamiðuð og að þjónustuþegar hafi áhrif á skipulagningu hennar og ráði hverjir starfa á heimilum þeirra.

Mikil umræða hefur verið um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) en þjónustuformið felur í sér að gerður er samningur við fólk um ákveðið þjónustumagn og síðan sér það sjálft um að ráða sitt aðstoðarfólk. Gera má ráð fyrir að lögleiðing NPA hafi í för með sér fjölgun umsókna um slíka samninga.

Aukið val þjónustuþega um búsetukosti og þjónustuform kallar á breytt vinnubrögð og aukinn hreyfanleika starfsfólks. Gera má ráð fyrir að hlutur búsetuþjónustu sem veittur er utan eiginlegra búsetukjarna fari vaxandi. Þetta gæti haft í för með sér að starfsfólk ynni í auknum mæli í teyrum sem sérhæfa sig í þjónustu við fólk með ákveðnar fatlanir eða sjúkdóma, s.s teymi sem sérhæfði sig í þjónustu við einhverfa eða teymi sem þjónustar aðallega fólk með heilabilunarsjúkdóma.

Í ljósi fyrirsjáanlegra breytinga er mikilvægt að leggja sérstaka áherslu á enn frekari uppbyggingu þekkingar, aukna nýtingu velferðartækni, almenna heilsueflingu og forvarnarstarf, sveigjanlega búsetuþjónustu og aukið einkarými, notendasamráð og síðast en ekki síst félagslíf fatlaðs fólks.

Til að mæta áskorunum framtíðarinnar verður nauðsynlegt að auka fagmönnum í þjónustu búsetusviðs og vinna markvisst að menntun starfsfólks. Kortleggja þarf fræðsluþarfir starfsmanna og vinna fræðsluáætlun með sérstakri áherslu á nýliðafræðslu, réttindi þjónustuþega, hugmyndafræði sviðsins og verklagsreglur í þjónustunni. Búsetusvið er virkur þátttakandi í samstarfi um valdeflingu og um þjónandi leiðsögn sem mikilvægt er að þróa áfram og festa enn frekar í sessi.

Aukin nýting velferðartækni kallar á að hún sé sett rækilega á dagskrá. Auka þarf bæði þekkingu á og nýtingu tæknilausna í þjónustu til að minnka og seinka þjónustuþörf notenda. Fara þarf fram greining á því hvaða tæknilausnir eru nú þegar í notkun innan félagsþjónustunnar á Akureyri, kynning á þeim lausnum sem í boði eru og auka samstarf við fagaðila innanlands og erlendis í þeim tilgangi að miðla af eigin þekkingu og reynslu og ekki síður að nýta þekkingu og reynslu annarra af nýtingu velferðartækinnar.

Í heilbrigðisáætlun til 2010 var gert ráð fyrir að 75% þeirra sem eru 80 ára og eldri gætu búið heima. Árið 2007 var því markmiði náð og markmiðið hækkað í að 80% þeirra sem eru 80 og eldri geti búið heima. Árið 2016 var birt á heimasíðu velferðarráðuneytisins, tillaga að stefnu sem gerir ráð fyrir að 85% þeirra sem eru 80 ára og eldri geti búið heima. Sú tillaga er í takt við viðmið Norðurlandanna og þróun þjónustunnar hjá nágrönnum okkar, enda áherslan á „opna þjónustu“ og fjölþætta aðstoð til að búa heima sem lengst. Það þýðir ekki að velferðarkerfið þurfi ekki að vita af þeim. Þessir einstaklingar þurfa væntanlega fjölbreytta og mikla heimaþjónustu. Það þarf samtal milli ríkis og sveitarfélaga varðandi það hvernig beri að standa að þessari þróun og það hlýtur að teljast eðlilegt að það fjármagn sem ella færi í rekstur hjúkrunarrýma, sem fjármögnuð eru af ríkinu fari í þá þjónustu sem leysir hjúkrunarrýmin af hólmi.

Auka þarf sveigjanleika í þjónustu við aldraða og veita hana í ríkara mæli seinnipart dags og um helgar, m.a. með félagslegum stuðningi þannig að fólk hafi möguleika á að taka þátt í félagslífi.

Til að draga úr ótímabærri þörf á þjónustu vegna heilsubreysts bæði fatlaðs og aldraðs fólks er mikilvægt að auka vægi fræðslu, þjálfunar og ráðgjafar við þjónustuþega í þeim tilgangi að viðhalda færni og stuðla að auknu sjálfstæði þeirra. Jafnframt þarf að auka samvinnu milli Búsetusviðs, Öldrunarheimila Akureyrar, Heilbrigðisstofnunar Norðurlands, Sjúkrahússins á Akureyri og annarra þjónustuaðila á sviði heilsueflingar og endurhæfingar, en nú þegar er hafið samstarfsverkefni þessara aðila og fjölskyldusviðs um aukna samþættingu í þjónustu aldraða.

Í allri félagsþjónustu er kallað á aukið samráð við notendur um ákvarðanatöku og framkvæmd þjónustunnar enda mikilvægt að fólk, sem nýtir þjónustuna, hafi sem mest um hana að segja. Það veitir opinberum aðilum aðhald og eykur líkur á að þjónustan verði í samræmi við þarfir. Nú þegar er starfandi notendaráð í málefnum eldri borgara og notendaráð í málefnum fatlaðra sem í sitja fulltrúar hagaðila og fulltrúar stjórnkerfis Akureyrarbæjar. Samtal og samráð þarf að eiga sér stað á milli þjónustukerfisins og notenda um stefnumörkun og markmiðssetningu til framtíðar. Mikilvægur þáttur í notendasamráði er gerð þjónustusamninga þar sem notandi og veitandi gera með sér skriflegan samning um framkvæmd, magn og innihald þjónustunnar. Einnig gerð einstaklingsáætlana fyrir þá sem þurfa viðvarandi og fjölbreyttan stuðning frá mismunandi þjónustukerfum.

Notendur og aðstandendur þeirra þurfa að hafa greiðan aðgang að upplýsingum um réttindi og þjónustu. Á næstu árum er því mikilvægt að á vef bæjarfélagsins séu ávallt greinargóðar og aðgengilegar upplýsingar um þjónustu sveitarfélagsins og reglur, sem og að vefurinn fái aðgengisvottun.

Þátttaka í félagslífi er flestu fólki mikilvæg ekki síst þeim sem búa við skerðingu af einhverju tagi. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands vann könnun á þjónustu við fatlað fólk í tengslum við tilfærslu málaflokks fatlaðs fólks til sveitarfélaga. Þar kom fram að algengt er að fatlað fólk búi við félagslega einangrun. Rúmur þriðjungur svaraði að sig vantaði félagsskap og einhvern til að njóta með félagslífs og tómsunda.

Markmið Akureyrarbæjar er að vinna markvisst gegn félagslegri einangrun og gera fötluðu fólki kleift að njóta menningar og viðburða sem í boði eru í bæjarfélaginu. Þetta er gert annars vegar með viðeigandi stuðningi til að sækja viðburði sem ætlaðir eru almenningi og hins vegar með því að stuðla að auknu framboði viðburða sem skipulagðir eru með þarfir og óskir fatlaðra í huga. Tilraunir með félagsstarf fyrir fatlað fólk sumarið 2017 mæltust vel fyrir og verður fram haldið nú í sumar.

Þegar staða og þróun málaflokksins er skoðuð sést að notendum í heimaþjónustu hefur fjölgað umtalsvert sl. fimm ár. Ekki síst þeim sem fá meira en 10 klukkustundir í þjónustu á viku.

Áætluð þróun helstu magntalna hjá Búsetusviði, sem byggir á þróun síðustu 10 ára með frávikum, gerir ráð fyrir að íbúum Akureyrar muni fjölga um 14% eða ríflega 2.600 íbúa, næstu 10 árin.

Gert er ráð fyrir að þjónustubegum í heimaþjónustu fjölgi um 28% á tímabilinu eða um 25 á ári að meðaltali og að hlutfall íbúa sem fá heimaþjónustu hækki úr 4,6% í 5,4%, vegna fjölgunar aldraðra íbúa á Akureyri. Áætlað er að stöðugildum í þjónustunni fjölgi hlutfallslega meira eða um 38% þar sem gert er ráð fyrir að aldrað fólk með miklar þjónustuþarfir dvelji lengur heima en áður, sem er í samræmi við þá stefnu stjórnvalda að draga úr hlutfalli þeirra sem dvelja á hjúkrunarheimili. Jafnframt er reiknað með að hlutur innlita í þjónustunni aukist sem hefur í för með sér aukinn ferðatíma á milli heimila, sem og hlutur þjálfunar og endurhæfingar.

Áætlun Búsetusviðs gerir ráð fyrir að mæta þörf 48 einstaklinga fyrir búsetu í sértæku húsnæði á næstu 10 árum. Fyrir liggja umsóknir frá 28, 18 ára og eldri einstaklingum með miklar þjónustubarfir og næstu 10 árin er gert ráð fyrir að tvær umsóknir bætist við að meðaltali á ári vegna einstaklinga sem ná 18 ára aldri eða flytjast til þjónustusvæðisins. Fjárfesting í sértæku húsnæði hefur verið minni en aukning í eftirspurn undanfarin ár og rýmum (íbúðum og herbergjum) hefur aðeins fjölgað um 10 á síðastliðnum 15 árum. Þar er því orðin uppsöfnuð þörf sem brýnt er að bregðast við. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við sex íbúða þjónustukjarna hefjist á árinu 2018 og að þörf verði á að bæta við 29 sérhæfðum íbúðum til viðbótar næstu 10 árin. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir að einstaklingum með stuðningsþörf umfram 10 tíma á viku fjölgi um 30. Ganga má út frá því að margir í þessum hóp búi eða muni búa í félagslegu leiguhúsnæði.

Á þessum stað í ræðunni langar mig að nefna sérstaklega mikilvægi þess að viðunandi lausn finnist á vanda þeirra einstaklinga sem rekast illa í fjölbýlum og þurfa mikinn stuðning við að fóta sig í lífinu.

Þeirri þróun sem hér hefur verið lýst verður erfitt að mæta án fjölgunar starfsmanna en til viðbótar við fleiri hendur er jafnframt gert ráð fyrir því að hlutfall háskólamenntaðra starfsmanna hækki jafnt og þétt. Fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir að allt að 50% stöðugilda yrðu mönnum fagmenntuðum starfsmönnum en í ljósi fyrirsjáanlegrar aukinnar eftirspurnar eftir þjónustunni finnst mér ekki raunhæft að það markmið náist á næstu árum.

Öldrunarheimili Akureyrar

Öldrunarheimili Akureyrar eða ÖA eru hjúkrunar- og dvalarheimili fyrir aldraða og aðra þá einstaklinga sem hafa viðurkennt mat Færni- og heilsumatsnefndar á þörf fyrir búsetu í dvalar- og hjúkrunarrýmum.

Hlutverk ÖA er að veita heildstæða og fjölbætta þjónustu fyrir íbúa heimilanna og notendur dagþjálfunar. Starfsemin felst í félagsstarfi, dagþálfun og almennri umönnun til sérhæfðrar hjúkrunar- og lækniþjónustu hjúkrunarheimilisins. Stuðningur og samstarf við íbúa og fjölskyldur þeirra er órjúfanlegur þáttur þjónustunnar. Á ÖA er einnig boðið upp á tímabundna dvöl og hvíldarinnlagnir, endurhæfingu og aðra stoðþjónustu.

Sem fyrr segir gerir stefnumið stjórnvalda ráð fyrir að aldraðir geti sífellt lengur búið heima. Fyrirsjáanlegar eru miklar breytingar í málaflokki á næstu árum og áratug svo sem vegna íbúapróunar og breyttra áherslna við að mæta þörfum eldra fólks. Ekki verður annað séð en á landsvísu séu uppi áform um flutning málefna aldraðra til sveitarfélaga. Það myndi í sjálfu sér ekki hafa mikil áhrif á þjónustu Akureyrarbæjar eða ÖA þar sem málaflokkurinn hefur verið hjá sveitarfélaginu síðan árið 1996 en samtal og samningar um fjármögnun þjónustunnar hafa setið eftir.

Aðrar breytingar lúta frekar að innihaldi og skipan þjónustunnar og úrræðum. Þeir sem njóta þjónustunnar munu í framtíðinni hafa aukið hlutverk og aðkomu, bæði í að forma þjónustuna og að líkindum vegna breytinga sem munu verða á greiðsluþátttöku. Landsamband eldri borgara hefur ítrekað ályktað að allar greiðslur fyrir þjónustu eigi að fara í gegnum hinn aldraða sjálfan en ekki með millilendingum hjá Sjúkratryggingum eða Tryggingastofnun, slíkt sé úrelt og svipti eldra fólk fjárhagslegu sjálfræði. Eftirlitshlutverk stjórnvalda, velferðarráðs Akureyrar, velferðarráðuneytis og Landlæknis auk Ríkisendurskoðunar mun væntanlega aukast og færast í fastari skorður. Hlutverk velferðarráðs verður í meira mæli að sjá til þess að stefnu og viðmiðum sé fylgt enda fagmennska vaxandi í þjónustunni, í stað þess að bregðast við einstökum málum. Þessum breytingum þarf ÖA að mæta að hluta til með nýjum vinnubrögðum, könnunum, rafrænni skráningu og betra aðgengi að upplýsingum almennt. Nýjar reglur um skráningu, aðgengi og vörslu persónuupplýsinga, sem taka gildi vorið 2018, munu einnig auka aðhald og kalla á breytt vinnulag og vörslu gagna.

Varðandi húsnæðismál ÖA er ljóst að sumstaðar liggja fyrir aðkallandi verkefni um endurbætur og viðhald, sem rekja má til aldurs bygginga og tækja.

Á undangengnum árum hafa verið lagðar fyrir fjárlaganefnd Alþingis óskir um fjölgun endurhæfingarrýma og fjölgun dagþjálfunarrýma. Innan ÖA og innan velferðarráðs hefur verið rætt um hvernig skipa eigi starfsemi ÖA til framtíðar til að mæta nýjum áskorunum vegna breyttrar aldurssamsetningar þjóðarinnar. Ljóst er að endurskoða þarf notkun húsnæðisins og jafna aðbúnað íbúa og aðgengi að vistlegu, hæfilega stóru einkarými með persónulegri hreinlætisaðstöðu. Sérstaklega þarf að huga að málefnum hjóna og sambúðarfólks, hvort sem annað þeirra eða bæði hafa gilt færni- og heilsumat til búsetu á hjúkrunarheimili.

Þeirri spurningu hefur verið velt upp hvort ætla megi að fjölga þurfi hjúkrunarplássum á Akureyri á næstu 10 árum. Áherslur og stefnumið stjórnvalda sem fela í sér að 15% þeirra sem eru 80 ára og eldri muni eða geti þurft dvöl á hjúkrunarheimili, benda þó til að ekki sé þörf á fjölgun hjúkrunarrýma á allra næstu árum. Greining á mannfjölda og mannaþjaldaspá Hagstofu Íslands gefa heldur ekki tilefni til að ætla að fjölga þurfi hjúkrunarrýmum. Frekar þurfi að styrkja þjónustu til þeirra sem búa heima og þróa og innleiða nýjar aðferðir til að mæta þörfum eldra fólks.

Stóra áskorunin á næstu árum mun væntanlega liggja í að nýta velferðartækni, styðja og styrkja hlutverk fjölskyldna og sjálfbóðaliða og samtvinna formlegu (opinberu) og óformlegu þjónustuna. Má í þessu sambandi benda á nokkrar skýrslur Norrænu Velferðarmiðstöðvarinnar um mannfjölda, vinnumarkað, valdeflingu, notkun velferðartækni, samhæfingu kerfa og hagræn áhrif samhliða hækkandi aldri og stækkandi hópum eldra fólks.

Á næstu árum munum við horfa upp á fjölgun í yngri aldurshópum eldra fólks (75/80 ára) en ekki mikla fjölgun í þeim hóp sem eldri er. Það er þess vegna sem það er vafasamt að ætla að þörf vaxi fyrir hjúkrunarrými. Líklegra er að þarfir notenda og fjárhagsleg staða samfélagslegra sjóða, geri kröfu um tilfærslur á fjármunum eða breyttum áherslum sem dragi úr kostnaði og umfangi vegna hjúkrunarrýma, yfir í fyrirbyggjandi og heilsueflandi aðgerðir og stuðning við eldra fólk til að það geti búið lengur heima.

Ýmislegt bendir til þess að stór áskorun felist í mönnun öldrunarþjónustunnar sem stefnir í að verða erfiðari, vegna vöntunar á fagmenntuðu starfsfólki og hlutfallslegrar fækkunar vinnandi handa.

Væntanlega mun eftirspurn eftir hjúkrunarrýmum á Akureyri aukast eftir árið 2028, sé horft til mannfjöldaþróunar, en það gæti líka ekki gerst ef vel tekst til við samþættingu, samhæfingu, samstarf eða sameiningu félags- og heilbrigðisþátta heimaþjónustunnar.

Ýmislegt bendir til að þeim árgöngum, sem verða undir 80 ára aldri á næstu 10 árum, muni vegna betur en fyrri árgöngum vegna betri heilsu, nýrra og bættra úrræða í heilbrigðisþjónustu almennt, vegna nútíma tækni, betri fjárhags, ferðalaga og hreyfanleika almennt.

Á næstu tveimur árum þarf að vinna áfram að úrlausn á tekju- og rekstrarumhverfi ÖA, til að tryggja stöðugleika, framtíðarsýn og aðgerðir til næstu ára.

Viðhald og endurbætur á húsnæði eru afar aðkallandi verkefni og brýnt að hefja áætlanagerð um þau svo hægt sé að tryggja framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra við endurbæturnar. Sum þessara verkefna eru forsenda þess að hægt sé að bæta starfsumhverfi og hagkvæmni og tæknivæða ákveðna þætti í starfseminni.

Fylgja þarf eftir vinnu starfshóps um húsnæði ÖA sem hefur það verkefni að leggja mat á framtíðarnotkun einstakra eininga innan ÖA og vinna tillögur um breytingar á húsnæði m.t.t. fækkunar hjúkrunarrýma og breytingar í 20-25 dagþjálfunarpláss með breytilegum opnunar- og þjónustutíma.

Framundan er vinna við að fá viðurkenningu á 7-10 endurhæfingarrýmum sem hluta af hvíldarinnlögnum eða sem endurhæfingar-dagþjálfun á ÖA samhliða breyttum daggjöldum og til viðbótar verður unnið að því að fá viðurkennd eitt til tvö geðhjúkrunarrými fyrir aldraða.

Ýmis verkefni eru fyrirbyggjandi á sviði velferðartækni og endurbóta búnaðar. Endurnýja þarf símkerfi og bjöllukerfi og samræma þau kerfi sem fyrir eru. Setja þarf upp þráðlaust net á þau fáu heimili sem eftir eru, þétta og styrkja núverandi net og vegna öryggiskerfa reynist nauðsynlegt að taka inn ljósleiðara í elsta hluta hússins.

Endurnýja þarf ákveðin tæki í eldhúsi og gera þá ráð fyrir nýjum búnaði sem hefur getu til að hraðkæla mat. Með hraðkælingu má ná fram hagræði við matreiðslu sérfæðis og fyrir heimsendan mat, þannig að fækka mætti ferðum og senda fleiri skammta, með herra næringarinnihaldi í hverri ferð. Endurnýja þarf þjónustubifreið ÖA og gera ráð fyrir að hún verði fyrir akstur með hjólastóla og ljúka þarf innleiðingu rafrænnar lyfjaskráningar fyrir lagerhald ásamt lyfjakortum.

Á sviði samstarfs er áætlað að koma á reglulegu og samningsbundnu samstarfi við háskóla um starfsnám, rannsóknir og fræðslu.

Efla þarf sálfélagslegan stuðning og ráðgjöf við fjölskyldur og aðstandendur heilabilaðra á Akureyri og koma á formlegu samstarfi við Alzheimersamtökin.

Velferðarráð leggur áherslu á að formgera samstarf með skýrari verkaskiptingu eða hlutverkalýsingu milli Akureyrarbæjar, Heilbrigðisstofnunar Norðurlands (HSN) og Sjúkrahússins á Akureyri (SAK) og samstarfið taki mið af vinnuferlum og lýsingum t.d. frá Norðurlöndum.

Hefja þarf viðræður við velferðarráðuneyti og HSN um samþættingu á heimahjúkrun og heimaþjónustu líkt og gert er í Reykjavík og byggir á hugmyndum Akureyrarmódelis og niðurstöðum þróunarverkefnis um samfélagshjúkrun.

Þróun starfseminnar næstu tvö árin skal miða að því að tímabundnar dvalir og dagþjálfun verði útfrá áherslum samfélagshjúkrunar. Markvissar aðgerðir við notkun á velferðartækni verði innleiddar fyrir notendur dagþjálfunar og í tímabundinni dvöl auk þess sem unnið verði að gerð stefnu og aðgerðaáætlunar um velferðartækni fyrir ÖA.

Til lengri tíma litið eða fimm til 10 ára er mikilvægt að halda áfram uppbyggingu innra starfs, fylgja eftir áherslum á hugmyndafræði Eden-stefnunnar um heimilislegt umhverfi og þátttöku íbúa og aðstandenda í lífi og starfi heimilisins.

Mikilvægt er að fá viðurkenningu á fjölgun dagþjálfunarrýma um 10-20 á næstu fimm árum og skipa starfshóp til að vinna að undirbúningi byggingar á nýju hjúkrunarheimili sem taki mið af Lögmannshlíðar-módelinu og því hvernig mæta megi þörfum hjóna og sambúðarfólks. Horft verði til þess að nýtt 45 manna hjúkrunarheimili taki til starfa á árunum 2028-2030.

Næstu fimm til 10 árin er ástæða til að viðhalda endur- og símenntunaráætlunum samhliða samstarfi um vettvangsnám grunnskóla og framhaldsskóla og starfsþjálfun heilbrigðis-starfsfólks.

Efla þarf sálfélagslega þjónustu innan ÖA fyrir íbúa og starfsmenn annað hvort með ráðningum eða samningum við verktaka eða samningum milli ÖA og fjölskyldudeildar um félagsráðgjöf, ráðgjöf á sviði heilabilunar og sálfræðipjónustu.

Áfram skal unnið að kynjasambættingu og jöfnun hlutfalla kynja í þjónustu við íbúa og í starfshópnum.

Nú hef ég stiklað á stóru í málum er varða velferðaráð en yfirferðin er engan veginn tæmandi í þessum stóra málaflokki. Verkefni eru mörg, þjónustuþegarnir hafa mismunandi þarfir og starfsmannahópurinn er fjölbreyttur með ólíkan faglegan bakgrunn.

Almennt má segja að hið svo kallaða Akureyrarmódel, sem byggir á notendamiðaðri þjónustu með áherslu á samvinnu og sambættingu í heilræna þjónustu, hafi sýnt sig skila árangri og sé til eftirbreytni þar eð það hefur skilað þjónustustigi og útgjöldum sem virðast sambærileg eða jafnvel hagstæðari en þar sem minni sambætting er.

Mig langar að nota tækifærið til að brýna alla sem hlusta til að passa upp á að Akureyrarmódelið liðist ekki í sundur í höndunum á okkur. Árangurinn af samstarfi, samtali og sambættingu er ekki síst sá að þjónustuþegarnir upplifa betri þjónustu og það eykur öryggi og ánægju vegna þess að þjónustuþegarnir sitja í miðju Akureyrarmódelisins og það skilar þeim meiri lífsgæðum og heilrænni þjónustu.

Að lokum langar mig að þakka fyrir samstarfið þetta ríflega eina og hálfu ár sem ég hef starfað með velferðarráðinu, tíminn hefur sannarlega verið lærdómsríkur og mér þykir dýrmætt að hafa öðlast þá reynslu sem starfið þar hefur gefið mér.

Gangi ykkur öllum vel í baráttunni næstu daga.

Takk fyrir mig.